

2010 nr. 38 6. maí

[Lög um Íslandsstofu, sjálfseignarstofnun]¹⁾

¹⁾ L. 94/2018, 9. gr.

Tóku gildi 7. maí 2010. Breytt með: L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 133/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013). L. 47/2018 (tóku gildi 26. maí 2018). L. 94/2018 (tóku gildi 30. júní 2018; komu til framkvæmda skv. fyrirætlum í 10. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **utanríkisráðherra** eða **utanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Markmið.

□ Markmið laga þessara er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins.

■ 2. gr. [Rekstrarform og hlutverk Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar.

□ Íslandsstofa er sjálfseignarstofnun sem rekin er á einkaréttarlegum grunni með sjálfstæðri fjárhagsábyrgð og starfar samkvæmt sérstakri skipulagsskrá.

□ Íslandsstofa, sjálfseignarstofnun, er undanþegin tekjuskatti samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, og gilda ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, ekki um starfsemi hennar.

□ Upplýsingalög, nr. 140/2012, gilda um starfsemi Íslandsstofu. Lögin veita þó ekki aðgang að upplýsingum í fórum Íslandsstofu sem varða málefni starfsmanna hennar eða fjárhags- eða viðskiptahagsmuni þeirra einkaaðila sem taka þátt í verkefnum hennar.

□ Hlutverk Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, er:

a. að vera samstarfsvettvangur atvinnulífs, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir til þess að auka útflutningstekjur og hagvöxt,

b. að veita alhliða þjónustu og ráðgjöf til allra útflutningsgreina í því skyni að greiða fyrir markaðssetningu og útflutningi á vörum og þjónustu,

c. að laða erlenda ferðamenn til landsins með samræmdu kynningar- og markaðsstarfi,

d. að laða erlenda fjárfestingu til landsins, upplýsa erlenda fjárfesta um kosti Íslands og vera stjórnvöldum til ráðgjafar um það,

e. að styðja við kynningu á íslenskri menningu, vörum og þjónustu erlendis,

f. að annast rekstur eigna sem henni kunna að vera lagðar til og samræmast hlutverki hennar samkvæmt lögum þessum,

g. að vinna tillögur að langtímastefnumótun atvinnulífs, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda, sbr. a-lið, varðandi markaðssetningu og útflutning á íslenskum vörum, þjónustu og menningu, og

h. að hrinda í framkvæmd langtímastefnumótun skv. g-lið.]¹⁾

¹⁾ L. 94/2018, 1. gr.

■ [2. gr. a. Útflutnings- og markaðsráð.

□ Starfrækt skal útflutnings- og markaðsráð.

□ Hlutverk ráðsins er að marka, samþykkja og fylgjast með framkvæmd á langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir markaðssetningu og útflutning.

□ Ráðið skal taka til umfjöllunar tillögur að verkefnum sem unnin eru í samvinnu atvinnulífs og stjórnvalda og tryggja að slík verkefni falli að markaðri langtímastefnu.

□ Ráðherra sem fer með utanríkismál skipar 31 fulltrúa í ráðið til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Tíu skulu skipaðir án tilnefningar en 21 samkvæmt tilnefningum eftirlitanna aðila:

a. tíu samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins,

b. þrír samkvæmt tilnefningu ráðherra sem fer með sjávarútvegs- og landbúnaðarmál,

c. þrír samkvæmt tilnefningu ráðherra sem fer með ferðamál og málefni iðnaðar og nýsköpunar,

d. þrír samkvæmt tilnefningu ráðherra sem fer með mennta- og menningarmál,

e. einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga,

f. einn samkvæmt tilnefningu samstarfshóps markaðsstofa landshlutanna.

□ Við tilnefningar skv. a-lið 4. mgr. skal höfð hliðsjón af stærð fyrirtækja við öflun útflutningstekna. Auk fulltrúa skv. 4. mgr. skulu eiga sæti í ráðinu ráðherra sem fer með utanríkismál og er hann jafnframt formaður ráðsins, ráðherra sem fer með sjávarútvegs- og landbúnaðarmál, ráðherra sem fer með ferðamál og málefni iðnaðar og nýsköpunar, ráðherra sem fer með mennta- og menningarmál og ráðherra sem fer með umhverfis- og auðlindamál ásamt fulltrúum þingflokka utan ríkisstjórnar á hverjum tíma.

□ Útflutnings- og markaðsráð getur skipað starfshópa úr ráðinu um afmörkuð verkefni og skal Íslandsstofa, sjálfseignarstofnun, vera þeim til ráðgjafar.]¹⁾

¹⁾ L. 94/2018, 2. gr.

■ 3. gr. [Stjórn Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar.

□ Í stjórn Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, sitja sjö fulltrúar sem skipaðir eru á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ráðherra sem fer með utanríkismál tilnefnir tvo stjórnarmenn, ráðherra sem fer með ferðamál og málefni iðnaðar og nýsköpunar einn og Samtök atvinnulífsins fjóra. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Stjórnin getur samþykkt skipun áheyrnarfulltrúa. Stjórnin skiptir með sér verkum.

□ Stjórnin ber ábyrgð á undirbúningi tillögu að langtímastefnumótun skv. 3. gr. a og skal á grundvelli hennar vinna framkvæmdaáætlun til sama tíma og ákveða hvernig henni verði hrundið í framkvæmd. Stjórnin skal reglulega leggja mat á framkvæmd stefnunnar og grípa til aðgerða ef tilefni er til.

□ Stjórnin samþykkir árlega starfs- og fjárhagsáætlun Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, og ákveður starfskjör hans og innra skipulag starfsemi Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, og með hvaða hætti hún leitar samráðs við einstakar atvinnugreinar og starfar með þeim.

□ Stjórnin boðar til aðalfundar Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, sem halda skal fyrir 1. maí ár hvert. Rétt til setu á aðalfundi eiga stofnaðilar og þeir aðilar sem tilnefna fulltrúa í stjórn Íslandsstofu og fulltrúar í útflutnings- og markaðsráði. Stjórninni er heimilt að bjóða fleirum til setu á aðalfundi. Á aðalfundi gerir stjórnin grein fyrir stefnumótun Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, framkvæmd langtímastefnu og störfum sínum að öðru leyti og birtir rekstraráætlunir og ársreikninga.]¹⁾

¹⁾ L. 94/2018, 3. gr.

■ [3. gr. a. Langtímastefnumótun.

□ Stjórn Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, skal vinna tillögu að langtímastefnu stjórnvalda og atvinnulífs fyrir út-

flutning sem ætlað er að stuðla að auknum útflutningstekjum og hagvexti og leggja fyrir útflutnings- og markaðsráð til umfjöllunar og samþykktar. Skal hún mörkuð til fimm ára í senn.

□ Markmiðið með langtímastefnunni er að mæla heildstætt fyrir um meginmarkmið þess markaðsstarfs sem Íslandsstofa, sjálfseignarstofnun, sinnir á erlendum mörkuðum. Skal stefnan m.a. fela í sér markmið og áherslur á einstökum markaðssvæðum og varðandi einstakar atvinnugreinar. Hún skal fela í sér mælanleg árangursmarkmið.

□ Við mótun langtímastefnunnar skal hafa samráð við útflutnings- og markaðsráð skv. 2. gr. a.)¹⁾

¹⁾ L. 94/2018, 4. gr.

■ **4. gr. Rekstur.**

□ [Framkvæmdastjóri Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, annast daglega stjórn hennar og ræður starfsfólk. Ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um starfsfólk Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar.]¹⁾

¹⁾ L. 94/2018, 5. gr.

■ **5. gr. Tekjur.**

□ Tekjur Íslandsstofu eru:

1. . . .¹⁾

2. [Fjárveiting sem ákvörðuð er af ráðherra á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum.]¹⁾

3. Þóknun fyrir veitta þjónustu.

4. Þjónustusamningar við stofnanir og samtök.

5. Sérstök framlög og aðrar tekjur. . . .²⁾

□ [Markaðsgjald, 0,05%, skal lagt á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds eins og hann er skilgreindur í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Um álagningu og innheimtu markaðsgjalds fer eftir ákvæðum þeirra laga. Markaðsgjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.

□ Tekjur Íslandsstofu skv. 2. tölul. 1. mgr. skulu aldrei vera lægri en sem nemur markaðsgjaldi skv. 2. mgr.]¹⁾

□ [Gerður skal þjónustusamningur til fimm ára milli ríkisins og Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, um ráðstöfun fjárveitinga hennar sem ætlaðar eru til markaðsstarfs á erlendum mörkuðum og falla innan verksviðs Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, samkvæmt lögum þessum.]²⁾

¹⁾ L. 47/2018, 1. gr. ²⁾ L. 94/2018, 6. gr.

■ **6. gr. [Skipulagsskrá.]**

□ Í skipulagsskrá, sem stjórn setur og staðfestir, skal kveðið á um rekstur Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, þ.m.t. um starfsemi og skipulag hennar.]¹⁾

¹⁾ L. 94/2018, 7. gr.

■ **7. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

■ **8. gr. Breytingar á öðrum lögum. . . .**

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **[I.]**

□ Stjórn Íslandsstofu starfar til bráðabirgða fram að stofnfundi 1. september 2018 þegar ný stjórn er skipuð í samræmi við ákvæði 3. gr. Stjórnin skal undirbúa stofnun Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, og boða til stofnfundar hennar.

□ Á stofnfundi Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, 1. september 2018, skulu eignir og skuldbindingar Íslandsstofu renna til hinnar nýju sjálfseignarstofnunar sem tekur við réttindum og skyldum Íslandsstofu. Þá er Íslandsstofu, sjálfseignarstofnun, heimilt að taka við eignum sem henni kunna að verða lagðar til og samræmast hlutverki hennar skv. 2. gr. og annast rekstur þeirra.

□ Stofnaðilar Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, skulu á stofnfundi 1. september 2018 taka ákvörðun um starfsemi og skipulag hennar í skipulagsskrá skv. 6. gr. Ný stjórn Íslandsstofu skal 1. desember 2018 leggja fram fyrstu tillögu að langtímastefnu stjórnvalda og atvinnulífs fyrir útflutning skv. 3. gr. a og skal sú stefna gilda til loka árs 2023.]¹⁾

¹⁾ L. 94/2018, 8. gr.

■ **[II.]**

□ Þjónustusamningur skv. 2. mgr. 5. gr. skal liggja fyrir eigi síðar en 1. september 2018.]¹⁾

¹⁾ L. 94/2018, 8. gr.

■ **[III.]**

□ Ráðherra skal gera úttekt innan þriggja ára á starfsemi Íslandsstofu og útflutnings- og markaðsráðs auk þess sem lagt skal mat á hvort markmið laganna hafi náð fram að ganga. Þjónustusamning skv. 5. gr. skal ekki endurgera fyrr en að lokinni slíkri úttekt.]¹⁾

¹⁾ L. 94/2018, 8. gr.

■ **[IV.]**

□ Ráðherra skal skipa starfshóp í samráði við forsætisráðherra, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra þar sem eiga m.a. sæti sérfræðingar þeirra ráðuneyta. Starfshópnum skal falið að undirbúa lagasetningu um nýtt félagaform sem taki til starfsemi stjórnvalda og atvinnulífs, líkt og í tilfalli Íslandsstofu. Tilgangur þeirrar lagasetningar er að skýra lagaumgjörð félagaforns stjórnvalda og atvinnulífs.]¹⁾

¹⁾ L. 94/2018, 8. gr.